



Haustið í viðburðum

Taktu daginn frá

Almenni leggur sig fram um að gefa sjóðfélögum kost á upplýsandi fundum og kynningum um lífeyrismál og séreignarsparnað. Hér að neðan eru nokkrar dagsetningar til að taka frá. Fundirnir verða auglýstir nánar þegar nær dregur.

Eignir og ávöxtun 26. september

Umfjöllun um ávöxtun og fjárfestingar í lágvaxta-umhverfi.

Ungt fólk og húsnæðismál 17. október

Hvaða ráð standa til boða til að koma þaki yfir höfuðið? Er skynsamlegt að nýta sér úrræði um fyrstu fasteign?

Sætur seinni hálfleikur 7. nóvember

Fjallað verður um hvernig heppilegt er að undirbúa fjármál við starfslok.



Fínn fyrri hluti árs


Miklar hækkanir á hlutabréfamörkuðum

Öll söfn skiluðu góðri ávöxtun á fyrri hluta ársins. Blönduð söfn sem fjárfesta í hlutabréfum og skuldaþréfum, hækkuðu mest eða frá 6,5% til 13,9%. Nánari upplýsingar um ávöxtun er að finna á heimasíðunni www.almenni.is.

Áfram séreign inn á lán

Skattfrjálssar innborganir

Um mitt þetta ár ákváðu stjórnvöld að framlengja um tvö ár heimild til að greiða séreignarsparnað skattfrjálst inn á lán. Það er óhætt að mæla með því að nýta sér þetta enda vart hægt að hugsa sér hagstæðari sparnaðarleið. Nánar um greiðslu séreignar inn á lán á www.leidretting.is eða heimasíðu sjóðsins www.almenni.is



BERÐU LAUNASEÐLA SAMAN VIÐ YFIRLIT

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir hreyfingar frá 1. janúar til 30. júní 2019 og upplýsingar um lífeyrisréttindi og inneign í lok tímabilsins. Það er góð regla að bera saman launaseðla og yfirlit til að athuga hvort iðgjaldagreiðslur

á launaseðlum hafi skilað sér til lífeyrissjóðsins. Vanti innborganir hafðu þá samband við ráðgjafa í síma 510-2500 eða með því að senda tölvupóst á netfangi@almenni.is.

Efsta hæðin vinsæl

Vel heppnaður fræðslufundur

Fræðslufundur sem Almenni hélt um miðjan mars undir yfirskriftinni Lífið á efstu hæð var vel sóttur. Erindi fundarins byggði á nýttkominni bók eftir Gunnar Baldvinsson framkvæmdastjóra Almenna en í henni er bent á atriði sem gott er að hafa í huga til að undirbúa fjármál við starfslok. Fundurinn var sendur út í beinni útsendingu á facebook síðu Almenna.



Fyrsta fasteign

Tíu skattfrjáls ár - einstakt tækifæri

Hægt er að nota viðbótarlífeyrissparnað til að safna skattfrjálst fyrir útborgun eða greiða inn á höfuðstól á fyrstu íbúð. Úrræðið gildir í tíu ár samfellt og á þeim tíma geta einstaklingar safnað allt að 5 milljónum upp í útborgun eða inn á höfuðstól láns. Úrræðið er hagstætt og óhætt að mæla með því að nýta sér það. Á heimasíðu www.almenni.is er að finna sérstaka upplýsingasíðu um málið þar sem hægt er að kynna sér það nánar og sækja um.

Verið velkomin

Nýttu þér góða þjónustu

Skrifstofa Almenna er á 5. hæð í Borgartúni 25, en þar er góð aðstaða til að taka á mótí sjóðfélögum. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9:00 til 16:00. Símanúmer og netfang sjóðsins er að finna hér fyrir neðan.

Heimasíða sjóðsins www.almenni.is er alltaf opin en þar er að finna gagnlegar upplýsingar um lífeyrismál, fræðslugreinar og fréttir. Auk þess er hægt að nýta sér netráðgjafa, netspjall, senda fyrirspurnir á ráðgjafa eða panta viðtal.

